

VELFERÐARVAKTIN

# Þjónusta sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur

FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Október 2010

# Efnisyfirlit

1 Helstu niðurstöður ... 3
2 Inngangur ... 4
3 Aðferðafræði og verklag ... 4
3.1 Undirbúningur ... 5
3.2 Framkvæmd ... 7
3.3 Yfirferð sveitarfélaga ... 9
3.4 Skilgreiningar þjónustuflokka ... 10
3.4.1 Velferðar- og félagsþjónusta ... 11
3.4.2 Fræðslumál ... 12
3.4.3 Frístundir ... 13
3.4.4 Menningarmál ... 14
3.4.5 Þriðji geirinn - félagasamtök ... 14
3.4.6 Samgöngur ... 14
4 Ítarlegar niðurstöður ... 15
4.1 Niðurstöður þjónustuþáttanna ... 15
4.2 Niðurstöður sveitarfélaganna ... 23
5 Viðauki A – Niðurstöður sveitarfélaganna ... 27
6 Viðauki B – Samantekt á niðurstöðum þjónustuþátta ... 42

# Töflur

Tafla 1 – Sveitarfélögin 33 og hlutfall af íbúafjölda ... 8
Tafla 2 – Niðurstöður sveitarfélaganna ... 24

# Skýringarmyndir

Mynd 1 – Velferðarþjónusta - félagsþjónusta ... 16
Mynd 2 – Þættir hjá í það minnsta 50% sveitarfélaga í yfirflokknum *fræðslumál* ... 20
Mynd 3 – Þættir hjá í það minnsta 50% sveitarfélaga í yfirflokknum *frístundir* ... 22

# 1 Helstu niðurstöður

Markmiðið var að rannsaka þjónustu sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur, umfram lögbundnar skyldur. Rannsóknin náði til allra sveitarfélaga landsins sem hafa fleiri en þúsund íbúa, alls 33 sveitarfélög með samtals 295.375 íbúa eða 93% af heildaríbúafjölda landsins. Niðurstöður byggja á gögnum sem fyrst og fremst var aflað af vefsvæðum sveitarfélaganna. Gögnin fengu sveitarfélögin send í tölvupósti og gefinn möguleiki á að leiðrétta eða staðfesta. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

- Þjónusta sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur er mjög fjölbreytt. Það sýndi listi 58 þjónustuþátta þar sem metið var hvort þjónusta væri til staðar eða ekki í sveitarfélögunum.
- Þrír þjónustuþættir voru til staðar í öllum sveitarfélögunum, þ.e. *systkinaafsláttur í leikskólum, félagsmiðstöðvar fyrir 13–16 ára* og *vinnuskóli/sumar fyrir unglinga.*
- Tveir þjónustuþættir voru til staðar í öllum sveitarfélögunum nema einu, þ.e. *niðurgreidd daggæsla barna í heimahúsum* og *tónlistarskóli/þjónustusamningur*.
- Af 58 þjónustuþáttum eru 36 þeirra til staðar í að minnsta kosti helmingi þeirra sveitarfélaga sem voru hluti af þessari rannsókn, eða þar sem búa um 47% af heildaríbúafjölda landsins, samtals hjá 147.688 íbúum.
- Af 58 þjónustuþáttum eru 26 þeirra til staðar hjá í það minnsta 70% þeirra sveitarfélaga sem voru hluti af þessari rannsókn, eða þar sem búa um 65% af heildaríbúafjölda landsins, samtals hjá 206.763 íbúum.
- Reykjavíkurborg var með flesta þjónustuþætti til staðar eða 50, en Sveitarfélagið Vogar með fæstu þjónustuþættina eða 22.
- Fjárhagslegur stuðningur við foreldra grunnskólabarna vegna gæslu eftir skóla og vegna skólamáltíða er minni en stuðningur við foreldra barna í daggæslu í heimahúsum og leikskólum. Mestur fjárhagslegur stuðningur er við foreldra leikskólabarna.
- Misræmis gætti í upplýsingum um þjónustu milli þess sem fram kom á vefsvæðum sveitarfélaganna og þjónustu þeirri sem sveitarfélögin greindu frá að væri til staðar. Átti þetta sérstaklega við um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna.

# 2 Inngangur

Verkefni þetta er unnið á vegum velferðarvaktarinnar sem var skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar í byrjun árs 2009. Verkefni velferðarvaktarinnar er að fylgjast markvisst með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga með það fyrir augum að leggja til aðgerðir í þágu heimilanna.

Markmiðið var að kanna þjónustu sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur. Könnuð var þjónusta sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Félagsþjónustulögin eru svokölluð rammalög sem kveða á um að komið sé til móts við tilteknar þarfir, en sveitarfélögin geta útfært þjónustuna með ýmsum hætti. Einnig veita sveitarfélögin tiltekna þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, lögum um leikskóla, nr. 90/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008. Aðaláherslan var lögð á að kortleggja þjónustu sem veitt er á vegum félagsmálanefnda sveitarfélaganna sem talist getur umfram hina lögbundnu þjónustu. Auk þess var könnuð þjónusta tengd menningu, frístundum, félagsstarfi og samgöngumálum barna og fjölskyldna þeirra.

Upphaflega var markmiðið að kanna þjónustu allra 76 sveitarfélaga landsins en aðeins náðist að kanna hana hjá þeim 33 sveitarfélögum sem voru fjölmennari en 1.000 þann 1. desember 2009 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Samanlagður íbúafjöldi í sveitarfélögunum var á þessum sama tíma 295.374 eða 93% íbúafjölda landsins.

Niðurstöður byggja á gögnum sem fyrst og fremst var aflað af vefsvæðum sveitarfélaganna á tímabilinu frá 28. júní til 10. ágúst 2010. Gögnin fengu sveitarfélögin send í tölvupósti 13. ágúst 2010 og gefinn kostur á að leiðrétta eða staðfesta þau.

# 3 Aðferðafræði og verklag

Í þessum kafla verður framkvæmd og aðferðafræði verkefnisins lýst. Undirbúningurinn fól í sér rannsóknarvinnu sem leiddi af sér lista með þjónustuþáttum. Listi þessi var notaður við mat á þjónustu sveitarfélaganna. Skilgreiningar á þjónustuflokkum eru í lok kaflans, ásamt athugasemdum og viðbótum sveitarfélaganna.

## 3.1 Undirbúningur

Sumarið 2010 stóð Vinnumálastofnun fyrir átaki meðal atvinnuleitenda. Við það tækifæri ákvað félags- og tryggingamálaráðuneytið að ráðast í verkefni þetta að frumkvæði velferðarvaktarinnar. Starfið var auglýst í lok maí. Viku síðar var starfsmaður ráðinn sem hóf störf þann 15. júní. Ráðin var Tinna Björg Sigurðardóttir, stjórnmálafræðingur og meistaranemi við Háskóla Íslands (HÍ). Ingibjörg Broddadóttir, starfsmaður félags- og tryggingamálaráðuneytisins og velferðarvaktarinnar, leiddi verkefnið í samstarfi við Sigríði Jónsdóttur, starfsmann ráðuneytisins. Guðný Björk Eydal prófessor og Hervör Alma Árnadóttir lektor, báðar við félagsráðgjafardeild HÍ, veittu einnig ráðgjöf. Gert var ráð fyrir tveimur mánuðum í verkefnið sem síðar framlengdist um einn mánuð.

Markmiðið var að kanna þjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sem á sérstaklega við um börn og barnafjölskyldur. Félagsþjónustulögin eru svokölluð rammalög sem veita sveitarfélögunum tiltekið frelsi með hvaða hætti þau veita þá þjónustu sem kveðið er á um í lögunum. Samhliða veita mörg sveitarfélaganna ýmsa fjölskylduþjónustu sem ekki er kveðið á um í lögum. Enn frekar vísa lögin í sérlög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, lög um leikskóla, nr. 90/2008, og lög um grunnskóla, nr. 91/2008. Markmiðið var ekki að kanna lögbundna þjónustu sem undir þessi lög heyra, og gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög veiti, heldur fremur að kortleggja hina fjölbreytilegu þjónustu sem veitt er á vegum félagsmála- og velferðarnefnda sveitarfélaga sem talist getur umfram lögbundnar skyldur.

Verkið hófst með rýni í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, sérlög og skýrslur velferðarvaktarinnar. Leitað var eftir rannsóknum um viðfangsefnið. Ný BA-ritgerð Drífu B. Gunnlaugsdóttur, þar sem hún bar saman þjónustu sveitarfélaga við barnafjölskyldur, gjaldskrá og framboð fimmtán sveitarfélaga, var næst þeim hugmyndum sem lagt var upp með í verkefni þessu.[1] Tölfræðilegar upplýsingar Hagstofunnar um fjölskyldur og íbúatölur voru skoðaðar. Umfang félagsþjónustu og skipting hennar milli ríkisvalds og sveitarfélaga var liður í að kynnast málaflokkunum sem að verkefninu sneru.

---

[1] Drífa B. Gunnlaugsdóttir. (2010). *Þjónusta sveitarfélaga við barnafjölskyldur: Samanburður á gjaldskrá og framboði. BA-ritgerð:* Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Sjá: http://skemman.is/is/item/view/1946/4858

Sveitarfélögin á Íslandi eru 76 og skiptast í átta landshluta. Fjölmennasta sveitarfélagið er Reykjavíkurborg með 118.427 íbúa og fámennast er Árneshreppur með aðeins 50 íbúa, miðað við tölur Hagstofunnar 1. desember 2009.[2] Vefsvæði sveitarfélaga búa yfir mikilvægum upplýsingum um þau og þjónustu þeirra sem nýttar voru til að kortleggja þá þjónustu sem er í boði. Af kortlagningu fjölmennustu sveitarfélaganna í öllum landshlutum kom í ljós að skipulag, framboð og umfang þjónustu er fjölbreytt. Til að mynda er mjög mismunandi með hvaða sviði félagsþjónusta flokkast. Oftast er hún sjálfstætt svið, en víða flokkast hún með fræðslu- og skólamálum og stundum með þjónustu við aldraða. Þar að auki hafa nokkur sveitarfélög gert með sér þjónustusamning, myndað byggðasamlög eða sameinast um eina félagsmálanefnd.

Fundað var með ráðgjöfum úr félagsráðgjafadeild HÍ 25. júní. Þar var rætt um meginmarkmið, framkvæmd, skipulag, aðferðafræði og afmörkun verkefnisins.

Helstu niðurstöður þess fundar voru að byggja rannsóknina á vefsvæðum sveitarfélaganna. Erfitt gæti reynst að ná í fólk vegna sumarleyfa ef notast yrði við aðrar aðferðir, líkt og viðtöl eða spurningakönnun. Best væri að byrja á að kortleggja þjónustu fjölmennustu sveitarfélaganna og halda til haga sem flestum þáttum þjónustunnar. Út frá upplýsingum þessum væri unnt að mynda lista sem endurspeglaði þjónustu þeirra. Þegar slíkur listi væri tilbúinn mætti leita eftir sömu þjónustuþáttum hjá hinum sveitarfélögunum en vera viðbúinn því að þjónustuþáttunum á listanum fjölgaði síðar í ferlinu. Þegar slíkri gagnaöflun væri lokið þyrfti að senda hverju sveitarfélagi sín gögn til yfirferðar. Þannig fengju sveitarfélögin tækifæri til að staðfesta eða leiðrétta þau gögn sem safnað hefði verið um þjónustu þeirra. Búast mætti við því að slík yfirferð yrði ekki fyrr en í lok sumars eða um haustið, eftir að starfsmenn sveitarfélaganna hefðu snúið aftur til vinnu að sumarleyfum loknum.

Nokkra daga tók að mynda grófan lista yfir þá þjónustu sem í boði er hjá fjölmennustu sveitarfélögunum. Aðalatriðið var, líkt og lagt var upp með, að kortleggja þjónustu sveitarfélaganna á vegum félagsmálanefnda. Auk þess sem rannsóknarvinna á vefsvæðum leiddi í ljós fjölbreytta fjölskylduþjónustu sem sveitarfélögin veita, sem einnig var ákveðið að

---

[2] Vefsvæði samband íslenskra sveitarfélaga. Sjá http://www.samband.is/sveitafelogin/

kortleggja. Úr varð listi með sex yfirflokkum þjónustu sem skipt var í 65 undirþætti. Síðar í vinnuferlinu bættist einn þáttur við og þættirnir voru að lokum 66. Enn fremur var jafnt og þétt endurskoðað meðan á rannsóknarvinnunni stóð hvaða þættir ættu heima á listanum og á hvaða forsendum.

## 3.2 *Framkvæmd*

Hafist var handa 28. júní við að leita skipulega á vefsvæðum sveitarfélaga eftir þessum tilteknu þjónustuþáttum. Byrjað var á Reykjavíkurborg og svo gengið á sveitarfélögin eftir íbúafjölda. Þessi háttur var hafður á þar sem vefsvæði fjölmennari sveitarfélaganna virtust geyma ítarlegri upplýsingar ef til þess kæmi að bæta þyrfti við þjónustuþáttum. Upplýsingum á vefsvæðum var leitað daglega til 10. ágúst. Á þessum tíma bættist aðeins einn undirþáttur við sem sneri að forgangi í leikskólum fyrir börn af erlendu bergi brotin.

Markmiðið frá upphafi var að kanna öll sveitarfélög landsins. Eftir tveggja vikna upplýsingaöflun á vefsvæðum sveitarfélaga var ljóst að ekki myndi nást að fara yfir öll sveitarfélögin. Einnig fór að bera á að erfiðara væri að nálgast upplýsingar, sér í lagi um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Tilraun var gerð til að óska eftir reglum þeirra um fjárhagsaðstoð í gegnum tölvupóst og síma. Starfsmenn, sveitarstjórar og félagsmálastjórar voru flestir í sumarleyfi. Ákvörðun var tekin í framhaldi um að horfa aðeins til þeirra sveitarfélaga sem töldu 1.000 og fleiri samkvæmt Hagstofunni 1. desember 2009. Sveitarfélögin voru þá orðin 33 með heildaríbúafjölda 295.375 eða 93% af heildaríbúafjölda landsins.

**Tafla 1 – Sveitarfélögin 33 og hlutfall af íbúafjölda.**

| | | |
|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið (7 af 8 eða 99%)** | | |
| Reykjavíkurborg | 118.427 | 59,0% |
| Kópavogsbær | 30.314 | 15,1% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 25.872 | 12,9% |
| Garðabær | 10.587 | 5,3% |
| Mosfellsbær | 8.527 | 4,2% |
| Seltjarnarneskaupstaður | 4.406 | 2,2% |
| Sveitarfélagið Álftanes | 2.524 | 1,3% |
| **Samtals** | **200.657** | |
| **Reykjanes (5 af 5 eða 100%)** | | |
| Grindavíkurbær | 2.841 | 13,3% |
| Reykjanesbær | 14.081 | 66,0% |
| Sandgerðisbær | 1.711 | 8,0% |
| Sveitarfélagið Garður | 1.520 | 7,1% |
| Sveitarfélagið Vogar | 1.195 | 5,6% |
| **Samtals** | **21.348** | |
| **Vesturland (4 af 10 eða 84%)** | | |
| Akraneskaupstaður | 6.555 | 50,9% |
| Borgarbyggð | 3.543 | 27,5% |
| Snæfellsbær | 1.701 | 13,2% |
| Stykkishólmsbær | 1.090 | 8,5% |
| **Samtals** | **12.889** | |
| **Vestfirðir ( 1 af 10 eða 53%)** | | |
| Ísafjarðarbær | 3.897 | 100,0% |
| **Samtals** | 3.897 | |
| **Norðurland vestra (2 af 7 eða 71%)** | | |
| Húnaþing vestra | 1.122 | 21,3% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 4.137 | 78,7% |
| **Samtals** | **5.259** | |
| **Norðurland eystra (5 af 13 eða 88%)** | | |
| Akureyrarkaupstaður | 17.563 | 68,7% |
| Dalvíkurbyggð | 1.951 | 7,6% |
| Eyjafjarðarsveit | 1.030 | 4,0% |
| Fjallabyggð | 2.082 | 8,1% |
| Norðurþing | 2.929 | 11,5% |
| **Samtals** | **25.555** | |
| **Austurland (2 af 8 eða 78%)** | | |
| Fjarðabyggð | 4.637 | 57,2% |
| Fljótsdalshérað | 3.465 | 42,8% |
| **Samtals** | **8.102** | |
| **Suðurland (7af 15 eða 83%)** | | |
| Hveragerðisbær | 2.302 | 10,7% |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.089 | 9,7% |
| Rangárþing eystra | 1.744 | 8,1% |
| Rangárþing ytra | 1.545 | 7,2% |
| Sveitarfélagið Árborg | 7.810 | 36,2% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 1.945 | 9,0% |
| Vestmannaeyjabær | 4.129 | 19,1% |
| **Samtals** | **21.564** | |
| | | |
| **Alls** | **295.374** | |
| Fólksfjöldi 1. desember 2009 | 317.593 | |
| Hlutfall af heildarfólksfjölda | 93,00% | |

Tafla 1 sýnir sveitarfélögin 33 sem könnuð voru og hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda landsins, samanlagt 93%. Hún sýnir einnig fjölda sveitarfélaga í hverjum landshluta sem höfðu yfir 1.000 íbúa 1. desember 2009 samkvæmt tölum Hagstofunnar og hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda innan hvers landshluta.

Kapp var lagt á að afla þeirra upplýsinga sem ekki voru aðgengilegar á vefsvæðum, aðallega með símhringingum. Þegar tvær vikur voru eftir af áætluðum tíma til verkefnisins fékkst liðsstyrkur við að ljúka gagnaöflun á vef og með símhringingum. Starfsmaður þessi vann af og til við verkefnið í tvær vikur. Einkum voru það fimm sveitarfélög sem ekki höfðu aðgengilegar upplýsingar um fjárhagsaðstoð á vefsvæðum sínum sem óska þurfti sérstaklega eftir. Einnig voru upplýsingar sem sneru að daggæslu barna í heimahúsum og forgangi um leikskólapláss sem ekki var unnt að nálgast á vefsvæðum nokkurra sveitarfélaga.

Ágætlega gekk að afla upplýsinga um þjónustu sveitarfélaganna á vefsvæði þeirra á þessu sex vikna tímabili frá 28. júní til 10. ágúst. Ýmsum aðferðum var beitt við leit að upplýsingum

um sveitarfélögin. Gagnlegt gat verið að leita í fundargerðum nefnda og ráða, auk þess sem vefsvæðin leiddu inn á vefsvæði leikskóla og grunnskóla, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, safna, félagasamtaka, tónlistarskóla og fleira. Vefsvæði Rauða kross Íslands var einnig mjög gagnlegt við að finna verkefni deilda hans.

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að upplýsingar um þjónustu vanti á vefsvæði þarf það ekki að þýða að hún sé ekki til staðar. Gæði vefsvæða höfðu áhrif á hversu vel gekk að nálgast upplýsingar og hve aðgengilegar þær voru. Það gat verið mjög misjafnt hversu langan tíma tók að afla upplýsinga um alla þjónustuþættina fyrir hvert sveitarfélag. Í einhverjum tilfellum voru upplýsingar ekki alveg nýjar og treysta varð á að þjónustan væri enn til staðar og í því formi sem fram kom á vefsvæðinu. Á sama hátt var gert ráð fyrir að engin ný þjónusta hefði bæst við. Hverju og einu sveitarfélagi voru send svörin til yfirferðar og var með því leitast við að bæta að einhverju leyti upp hugsanlega ágalla sem fylgdu því að afla upplýsinga af vefsvæðunum.

Hvorki var lagt mat á gæði þjónustunnar né hvort og þá hvaða skilyrðum hún er háð; það er efni í sérverkefni. Aðeins var kannað hvort þjónustan væri til staðar eða ekki. Sér í lagi verður að hafa þetta í huga þegar þættir fjárhagsaðstoðarinnar eru skoðaðir. Ekki voru bornar saman fjárhæðir eða hlutfall aðstoðar, til að mynda hve mikill systkinaafsláttur væri eða þær reglur sem um þjónstuna giltu, aðeins hvort boðið væri upp á slíka aðstoð.

Þegar aðeins nokkrir dagar voru eftir af þeim tveimur mánuðum sem ætlaðir voru til verksins fékkst framlenging um einn mánuð til viðbótar til að ljúka því. Þessi framlenging byggði á því að nokkurn tíma myndi taka að senda sveitarfélögunum niðurstöður sínar til að leiðrétta eða staðfesta upplýsingar sem var veigamikill þáttur könnunarinnar.

## *3.3 Yfirferð sveitarfélaga*

Hinn 13. ágúst 2010 voru niðurstöður vefrannsóknarinnar sendar í tölvupósti til sveitarstjóra og félagsmálastjóra allra sveitarfélaganna. Óskað var eftir yfirferð þeirra og athugasemdum innan viku. Að fimm dögum liðnum var sendur ítrekunarpóstur til að minna á svörun. Að viku liðinni höfðu 20 sveitarfélög svarað. Nokkrum dögum til viðbótar var eytt í að hringja í þau sveitarfélög sem ekki höfðu borist svör frá. Ýmist var hringt í sveitarstjóra eða

félagsmálastjóra. Að lokum bárust svör frá öllum sveitarfélögunum nema Sandgerðisbæ, en í tilfelli hans er því aðeins miðað við upplýsingar af vefsvæði sveitarfélagsins.

Leiðrétt svör voru skráð jafnt og þétt inn í töflu eftir því sem þau bárust. Nokkur símtöl og tölvupóstar bárust með efnislegum spurningum sem öllum var svarað góðfúslega. Í nokkrum tilvikum þar sem eitthvað þótti ekki nógu skýrt í svörum sveitarfélaganna eða rökstuðningi þeirra var kallað eftir frekari skýringum með tölvupóstsendingum.

## *3.4 Skilgreiningar þjónustuflokka*

Þjónustuþættirnir mynduðu í upphafi 66 þætti í sex yfirflokkum: V*elferðar- og félagsþjónusta, fræðslumál, frístundir, menningarmál, þriðji geirinn - félagasamtök* og *samgöngur*. Í hverjum yfirflokki eru mismargir undirflokkar þar sem hin tiltekna þjónusta er skráð. Við úrvinnslu var þáttunum fækkað niður í 58. Fækkunin var aðeins í undirflokki 1.2 *sérstök fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna* sem í upphafi var myndaður af ellefu þjónustuþáttum en var fækkað niður í þrjá.

Ákvörðun um að fækka þjónustuþáttum í flokki 1.2 um átta byggði á því að flestar leiðréttingar sem gerðar voru í yfirferð sveitarfélaga voru í þessum flokki um sérstaka fjárhagsaðstoð. Svörin sem send voru til sveitarfélaga byggðust á þeim upplýsingum sem fram koma í IV. kafla reglna sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð. Nokkur sveitarfélög sögðu að þessi þættir væru alltaf metnir, hvert tilfelli fyrir sig. Í því felst að ekki er mögulegt að segja með vissu að þessir ákveðnu þjónustuþættir séu til staðar. Enn fremur stönguðust svör margra sveitarfélaganna á við það sem stóð í reglunum þegar þau bárust aftur yfirfarin. Í framhaldi af því var tekin ákvörðun um að taka út átta þætti sem féllu undir flokk 1.2 þar sem það þótti ekki gefa rétta mynd að draga saman upplýsingar um þjónustu sem ekki er að finna í reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Benda má á að í greinargerð frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu með leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð er lögð rík áhersla á að hyggist félagsmálanefnd veita aðstoð vegna sérstakra aðstæðna er nauðsynlegt að um það séu settar reglur.[3] Eftir stóðu þrír þjónustuþættir undir flokki 1.2 *greiðslur með*

[3] Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2003). *Greinargerð með leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð.* Reykjavík. Sjá http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/greinargerd.pdf

*hverju barni til lágtekjuheimila, greiðslur vegna námsmanna 16–17 ára* og *sérstakur fæðingarstyrkur*, sem byggjast á heimildargreiðslum eftir sem áður og eru tilgreindir í reglum sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð.

Hér á eftir er bæði yfirflokkunum og undirflokkunum lýst og dæmi notuð til skýringa á einstökum þjónustuþáttum og úrvinnslu á þeim eftir því sem þörf krefur. Þeim er enn frekar lýst ef sveitarfélög gerðu athugasemd eða vildu bæta einhverju tilteknu við þegar þau leiðréttu eða staðfestu sína þjónustuþætti.

### 3.4.1 Velferðar- og félagsþjónusta

Fyrsti yfirflokkurinn, *velferðar- og félagsþjónusta,* hefur fjóra undirflokka, þ.e. *fjárhagsaðstoð, sérstaka fjárhagsaðstoð, þjónustu barna og unglinga* og *húsnæðismál*. Samanlagt töldu velferðarmálin 32 flokka í upphafi. Eftir yfirferð sveitarfélaga urðu flokkarnir alls 24 í yfirflokki *velferðar- og félagsþjónustu*.

*Fjárhagsaðstoð*, flokkur 1.1, fellur undir velferðarþjónustu og felur í sér aðstoð umfram lágmarksfjárhagsaðstoð til framfærslu, sbr. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hafa ber í huga að fjárhæðir aðstoðar eru ekki bornar saman milli sveitarfélaga, aðeins tiltekið hvort tiltekin þjónusta sé til staðar. Áhugavert væri á hinn bóginn að gera slíkan samanburð, en vísir að slíku er fyrrgreind BA-ritgerð. Undir fjárhagsaðstoð flokkast meðal annars *frístundastyrkir*, en þeir eru veittir beint til foreldra barna, oftast á aldrinum 6–18 ára, gegn framvísun kvittunar á frístundagjaldi. Almennt voru þeir á bilinu 10–30.000 krónur á ári. Nokkur sveitarfélög tóku fram í athugasemdum sínum um þennan þátt að þrátt fyrir að ekki væri veittur frístundastyrkur niðurgreiddu þau ýmsa íþróttastarfsemi sem standa börnum til boða gegn lágu gjaldi, jafnvel gjaldfrjálst. Ekki er unnt að leggja niðurgreiðslur til jafns við frístundastyrki þar sem aukið frelsi felst í frístundastyrkjunum. *Heimagreiðslur*, sem eru liður undir fjárhagsaðstoð, eru greiddar foreldrum, ýmist frá níu eða tólf mánaða aldri þar til barn fer til dagforeldris eða á leikskóla. Greiðslurnar voru á bilinu 10–30.000 krónur á mánuði. Í einu tilfelli voru greiðslurnar háðar þeim skilyrðum að barn væri á biðlista eftir gæslu í heimahúsi eða leikskóla. Seinni hluti listans um fjárhagsaðstoðina snýr að gjöldum vegna daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, gæslu barna 6–10 ára eftir skóla og vegna fæðis fyrir grunnskólabörn, 6–16 ára. Í einu sveitarfélagi var skólamatur gjaldfrjáls, systkinaafsláttur var því metinn 100%.

Flokkur 1.2, *sérstök fjárhagsaðstoð,* er skilyrt fjárhagsaðstoð. Í því felst að aðstoðin er háð tilteknum skilyrðum sem sett eru fram í reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Um er að ræða heimildargreiðslur vegna sérstakra aðstæðna (IV. kafli í reglum sveitarfélaga). Flokkur þessi innihélt ellefu undirþætti í upphafi sem var fækkað um átta eða niður í þrjá við úrvinnslu af fyrrgreindum ástæðum. Eftir stóðu þrír þjónustuþættir undir flokki 1.2 sem byggjast á heimildargreiðslum eftir sem áður, þ.e. *greiðslur með hverju barni til lágtekjuheimila*, *greiðslur vegna námsmanna 16–17 ára* og *sérstakur fæðingarstyrkur*. Fæðingarstyrkur var í nokkrum tilfellum háður því að foreldrar væru að eiga sitt fyrsta barn.

Undir flokkinn 1.3 *þjónusta barna og unglinga* fellur *frekari liðveisla/tilsjón/persónulegir ráðgjafar*. Þessi flokkur taldi allt það sem talist gat umfram hina lögbundnu liðveislu tengda fötluðum börnum. Aukin vinna var lögð í að greina þennan þátt svo skýrt væri að um umframþjónustu væri að ræða þar sem frekar er horft til þarfa en lögbundinna skyldna. Tekið skal fram að upplýsingarnar sem voru sendar sveitarfélögunum við þessum þætti byggðu á þeim reglum sem birtar voru á vefsvæðunum um liðveislu, tilsjón eða persónulega ráðgjöf. Skipulag og form þessarar þjónustu var mjög fjölbreytt og mismunandi milli sveitarfélaga miðað við það sem lesa mátti úr reglum þeirra. Þegar til kom að sveitarfélag breytti *„nei“* við þessum þjónustuþætti yfir í *„já“* var óskað eftir frekari rökstuðningi þess efnis í gegnum tölvupóst.

*Foreldranámskeið* eru einnig undir sama flokki, 1.3, ýmist á vegum sveitarfélaganna sjálfra eða á vegum leikskóla eða grunnskóla. Ekki var óalgengt að upplýsingar um námskeið þessi fyndust ekki á vefsvæðum sveitarfélaganna sem leiðréttist við yfirferð þeirra.

Síðasti þátturinn undir velferðar- og félagsþjónustu er *húsnæðismál* 1.4 sem nær yfir *félagslegt leiguhúsnæði* á vegum sveitarfélaganna, hvort sem er í eigu þeirra eða rekið á þeirra vegum.

### 3.4.2 Fræðslumál

Annar yfirflokkurinn er *fræðslumál*, en undir hann falla þrír undirflokkar sem saman telja 14 þjónustuþætti. Í þætti 2.1 var kannað hvort *sjálfstætt starfandi dagforeldri* starfi í sveitarfélaginu. Í einhverjum sveitarfélögum voru reglur um daggæslu barna í heimahúsum og niðurgreiðslur til staðar en án þess að þar starfaði dagforeldri. Rétt er að taka fram að

daggæsla barna í heimahúsum er starfrækt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum og ætti að flokkast með félagsþjónustu. Í þessari skýrslu er daggæslan flokkuð með fræðslumálum til að halda til haga nauðsynlegri heildarsýn yfir þau úrræði sem börnum og foreldrum bjóðast á þessu sviði. Í flokki 2.2 *leikskólar* kemur fram hvort og hvaða hópar hafa forgang um leikskólapláss. Þessar upplýsingar var almennt að finna í reglum um leikskóla sveitarfélaganna. Þess ber að geta að ekki voru öll sveitarfélög með slíkar reglur og í tveimur tilfellum var eina reglan að börn kæmust í daggæslu í heimahúsum eða leikskóla við eins árs aldur, óháð aðstæðum. Eitt sveitarfélag sagðist ekki vera með ákveðnar reglur um forgang að leikskólaplássi heldur væri hvert tilfelli metið fyrir sig.

Upplýsingar um *fjölmenningu* var oftast að finna í skólanámskrám leikskólanna. Sambærilegir þættir í þjónustu grunnskóla sveitarfélaga voru skoðaðir í flokki 3.2. Oft reyndist erfitt að finna upplýsingar um fjölmenningu. Ýmist voru þær í skólanámskrá hvers skóla fyrir sig á vefsvæði skólanna sjálfra eða ein skólanámskrá/-stefna var sett fram á vef sveitarfélagsins.

*Tónlistarskólar* voru oftast reknir af sjálfu sveitarfélaginu en í einhverjum tilfellum hafði verið gerður þjónustusamningur og er ekki gerður greinarmunur þar á í töflunni. Ekki var heldur gerður greinarmunur á hvort um væri að ræða skólahljómsveit á vegum grunnskóla eða tónlistarskóla. Til að mynda voru mörg sveitarfélög með lúðrasveit sem féll undir flokkinn skólahljómsveit.

### 3.4.3 Frístundir

Þriðji yfirflokkurinn kortlagði *frístundir* sem inniheldur fjóra undirflokka með ellefu þjónustuþáttum. Í flokki 3.1 kemur fram hve mörg sveitarfélög bjóða börnum *frítt í sund* en að minnsta kosti ein sundlaug er í hverju sveitarfélagi. Þátturinn *íþróttamiðstöðvar með starfsemi fyrir börn* felur í sér að í sveitarfélagi er íþróttahús og skipulögð starfsemi hvort heldur á vegum íþróttafélaga eða sveitarfélagsins. Flokkar 3.2, 3.3 og 3.4 fjalla um félagsmiðstöðvar og árstíðabundna þjónustu fyrir 13–18 ára. Starfsemi sem þessi er oftast aldursskipt og skýrir aldursskiptingu í rannsókn. *Félagsmiðstöðvar fyrir aldurinn 16–17 ára* voru oftast ungmennahús, fyrir fólk að 25 ára aldri. Enn frekar voru mörkin milli frístundastarfs og félagsstarfs fatlaðra oft ekki nógu skýr og því ákveðið matsatriði að rýna í upplýsingar um starfsemi þá til að meta hvers eðlis hún væri. Við yfirferð sveitarfélaganna á

þessum hluta verkefnisins fjölgaði nokkuð jákvæðum svörum. Sér í lagi þar sem spurt er um félagsmiðstöð fyrir 16–17 ára og árstíðabundna þjónustu. Draga má þá ályktun að upplýsingum um þessa þjónustu sé ábótavant á vefsvæðum sveitarfélaganna.

### 3.4.4 Menningarmál

Fjórði yfirflokkurinn *menningarmál* taldi aðeins tvo undirflokka, þ.e. *bókasöfn og söfn með skipulagða barnastarfsemi*. Skipulagt barnastarf var ákaflega fjölbreytt þar sem það var í boði. Mörg söfn voru með lista yfir barnabækur eða upplýsingar fyrir börn á vefsvæði sínu en ef ekki var um að ræða sérstaklega skipulagða dagskrá á bókasafninu fyrir börn var hún ekki talin með.

### 3.4.5 Þriðji geirinn - félagasamtök

Fimmti yfirflokkurinn nær yfir þjónustu *þriðja geirans* í sveitarfélögum þar sem könnuð var starfsemi fjögurra aðila sem starfa á landsvísu, þ.e. *starfsemi íþróttafélaga, kirkju, skáta* og *deilda Rauða kross Íslands*, og hafði samanlagt sjö þætti. Áhugavert væri að kanna fleiri þjónustuþætti sem þriðji geirinn hefur umsjón með í sveitarfélögunum og ítarlegar, en það sem varð fyrir valinu var frekar almennt. Enn frekar var oft og tíðum samstarf milli nágrannasveitarfélaga um þjónustu þeirra aðila sem kortlögð var. Heimasíða Rauða kross Íslands var mjög gagnleg við upplýsingaöflun deilda þeirra víða um land.

### 3.4.6 Samgöngur

Sjötti yfirflokkurinn og sá síðasti var *samgöngur* sem hafði aðeins einn þjónustuþátt, *frítt í strætó fyrir börn*. Hér er um að ræða almenningssamgöngur innan sveitarfélags. Fyrirfram var vitað að akstur sem þessi er einungis í boði í fáum sveitarfélögum. Engu að síður var áhugi á að kanna hvar slíkt væri í boði. Þar sem þjónusta er sögð ekki eiga við er ekki boðið upp á strætisvagnasamgöngur.

# 4 Ítarlegar niðurstöður

Markmiðið var að rannsaka þjónustu sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur. Annars vegar þjónustu sem er veitt á vegum félagsmála- og velferðarnefnda sem talist getur umfram hina lögbundnu þjónustu. Hins vegar ýmsa fjölskylduþjónustu sem sveitarfélög veita og ekki er kveðið á um í lögum.

Rannsóknin náði til allra sveitarfélaga landsins sem höfðu fleiri en 1.000 íbúa, alls 33 sveitarfélög með samanlagt 295.375 íbúa eða 93% heildaríbúafjölda landsins, miðað við tölur Hagstofunnar 1. desember 2009. Þar af eru niðurstöður 32 sveitarfélaganna yfirfarnar af þeim sjálfum. Í tilfelli Sandgerðisbæjar er aðeins stuðst við þær upplýsingar sem finna mátti á vefsvæði sveitarfélagsins.

Út frá rannsóknarvinnu sem gerð var á vefsvæðum nokkurra fjölmennustu sveitarfélaga landsins var myndaður listi yfir þjónustu. Listi þessi skiptist í sex yfirflokka, þ.e. *velferðar- og félagsþjónustu, fræðslumál, frístundir, menningarmál, þriðja geirann* og *samgöngur,* samanlagt með 58 þjónustuþætti, sem í upphafi voru 66. *Velferðar- og félagsþjónusta* vegur þyngst með samanlagt 23 þjónustuþætti.

Ekki verða öllum 58 þjónustuþáttunum eða ítarlegum niðurstöðum þeirra fyrir hvert sveitarfélag gerð skil í niðurstöðunum heldur verða dregnir saman ákveðnir þættir og niðurstöður sem vert þótti að varpa ljósi á. Í viðauka A má sjá ítarlegar niðurstöður hvers sveitarfélags fyrir sig og í viðauka B má sjá sundurliðaðar niðurstöður fyrir alla þjónustuþættina. Rétt er að ítreka að ekki er fjallað um gæði þjónustu, skilyrði fyrir henni eða fjárhæðir, aðeins hvort þjónustan sé til staðar eða ekki.

## *4.1 Niðurstöður þjónustuþáttanna*

Hér verður niðurstöðum valinna þjónustuþátta gerð skil og þær dregnar saman. Í viðauka A má sjá yfirlit yfir alla þjónustuþættina hjá hverju sveitarfélagi og í viðauka B má finna sundurliðaðar niðurstöður fyrir alla 58 þjónustuþættina.

Af 58 þjónustuþáttum rannsóknarinnar eru samanlagt 36 til staðar hjá að minnsta kosti helmingi sveitarfélaga sem voru hluti af rannsókn þessari eða meðal 147.688 íbúa sem eru rétt tæplega 47% af heildaríbúafjölda landsins. Þar að auki eru 26 þjónustuþættir til staðar

hjá að minnsta kosti 70% sveitarfélaga rannsóknarinnar eða meðal 206.763 íbúa sem er um það bil 65% af heildaríbúafjölda landsins.

Fimm þjónustuþættir voru oftast til staðar, en þrír þjónustuþættir voru til staðar í öllum sveitarfélögunum, þ.e. *systkinaafsláttur í leikskólum, félagsmiðstöðvar fyrir 13–16 ára* og *vinnuskóli/sumar. Niðurgreidd daggæsla barna í heimahúsum* var til staðar í öllum sveitarfélögunum nema einu, þar sem hún á ekki við en þar er ekki starfandi dagforeldri. *Tónlistarskóli/þjónustusamningur* er einnig til staðar í öllum sveitarfélögunum nema einu.

Fyrsti yfirflokkurinn, *velferðar- og félagsþjónusta*, er með samanlagt 23 þjónustuþætti í fjórum undirflokkum, 1.1 *fjárhagsaðstoð*, 1.2 *sérstök fjárhagsaðstoð*, 1.3 *þjónusta við börn* og 1.4 *húsnæðismál*. Velferðarmál og fjölskylduþjónusta henni tengd átti frá upphafi að vera kjarni rannsóknarinnar sem endurspeglast í vægi þessa flokks með 35% allra þjónustuþátta.




**Mynd 1 – Þjónustuþættir til staðar hjá helmingi sveitarfélaga.**

Mynd 1 sýnir þá 17 þjónustuþætti af 23 í yfirflokknum *velferðar- og félagsþjónusta* sem voru til staðar hjá að minnsta kosti helmingi sveitarfélaganna sem voru hluti af rannsókn þessari eða meðal 147.688 íbúa og fleiri. Það felur í sér að 17 þjónustuþættir í flokki velferðar- og félagsþjónustu séu til staðar hjá tæplega 47% heildaríbúafjölda landsins og fleiri. Á myndinni má einnig sjá að þar af eru ellefu þjónustuþættir sem eru til staðar hjá að minnsta kosti 70%

sveitarfélaga eða 206.763 manns. Sé það yfirfært á heildaríbúafjölda landsins eru ellefu þjónustuþættir til staðar hjá að minnsta kosti 65% heildaríbúafjölda landsins.

Nokkra þætti í flokki *velferðar- og félagsþjónustu* má ef til vill telja til nýjunga í þjónustu hjá sveitarfélögum, til að mynda *frístundakort,* sem heita ýmsum nöfnum líkt og hvatapeningar eða tómstundastyrkir. Slíkir styrkir eru í boði hjá 17 sveitarfélögum eða 52%. Fjárhæðir styrkjanna eru mismunandi en oftast á bilinu 10–30.000 krónur á ári og fengust gegn framvísun greiðslukvittunar á gjaldi á hinum ýmsu frístunda- og námskeiðsgjöldum. Önnur þjónusta sem ekki hefur staðið til boða nema í nokkur ár eru *heimagreiðslur að fæðingarorlofi loknu*. Greiðslurnar standa foreldrum til boða, ýmist við níu eða tólf mánaða aldur barnsins, þar til það nær tilteknum aldri eða fær leikskólapláss. Hjá einu sveitarfélagi stóð foreldrum barna eldri en eins árs, sem voru á biðlista eftir leikskóla og ekki í annarri niðurgreiddri dagvistun, greiðslur til boða þar til þeim býðst leikskólavist. Heimagreiðslur voru til staðar í átta sveitarfélögum eða 24%. *Foreldranámskeið* getur talist til nýjunga á vegum sveitarfélaganna. Foreldranámskeið eru í boði í 18 sveitarfélögum eða 58%. Í einhverjum tilfellum voru foreldranámskeið háð því að þeim foreldrum sem ætluðu að nýta sér heimagreiðslur var gert skylt að sækja foreldranámskeið. Í flestum tilfellum voru námskeiðin þó engum skilyrðum háð.

Meðal mikilvægra viðauka við lögbundna félagsþjónustu sveitarfélaga er þjónusta eða stuðningur tengdur húsnæðismálum. Í 30 sveitarfélögum eða 91% er *félagslegt leiguhúsnæði* til staðar á vegum sveitarfélagsins. *Sérstakar húsaleigubætur* eru í boði hjá 18 sveitarfélögum eða 55%. Félagslegt húsnæði og sérstakar húsaleigubætur standa þeim til boða sem ekki hafa möguleika á því að kaupa eigið húsnæði af fjárhagslegum eða félagslegum ástæðum eða geta ekki greitt húsaleigu án sérstakrar aðstoðar.

Sveitarfélögum ber að setja sér reglur um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjórði kafli reglna sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð tekur til fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna. Flokkur 1.2, *sérstök fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna,* fjallar um þennan ákveðna hluta fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Ellefu þjónustuþættir voru upphaflega á listanum sem sendur var sveitarfélögunum. Ákvörðun var tekin við úrvinnslu gagnanna að fækka þáttunum um átta, eða úr ellefu í þrjá. Það byggði á því að flestar þær leiðréttingar sem komu frá sveitarfélögunum í yfirferð voru á flokki 1.2 um

sérstaka fjárhagsaðstoð. Ekki hafði verið reiknað með því þar sem samþykktar reglur allra sveitarfélaganna lágu fyrir um fjárhagsaðstoð þeirra, sem nýttar voru til upplýsingaöflunar um þjónustuþætti þessa. Bæði voru dæmi þess að sveitarfélög segðu ákveðna fjárhagsaðstoð vera til staðar þó ekki væri kveðið á um það í reglum þeirra sem var mun algengara, og hið gagnstæða að þegar gögnin bárust yfirfarin frá sveitarfélögunum var tiltekin fjárhagsaðstoð sögð ekki vera til staðar þrátt fyrir að kveðið væri á um hana í reglunum. Ekki þótti rétt að draga saman upplýsingar um þjónustu sem ekki er að finna í reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Nokkur sveitarfélög sögðu að þessi þættir væru alltaf metnir, hvert tilfelli fyrir sig. Í því felst að þau gátu ekki svarað hvort þessir tilteknu þjónustuþættir væru til staðar.

Eftir stóðu þrír þjónustuþættir undir flokki 1.2 sem byggðu á IV. kafla reglna sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna. Greiðslur þessar miðast allar við að einstaklingar hafi tekjur undir ákveðinni skilgreindri lágmarksfjárhæð og eru eftirfarandi: *Greiðslur með hverju barni til lágtekjuheimila, greiðslur vegna námsmanna 16–17 ára* og *sérstakur fæðingarstyrkur til foreldra.* Greiðslur með hverju barni eru til staðar í 25 sveitarfélögum eða 76%. Greiðslur vegna námsmanna eru til staðar í 24 sveitarfélögum, eða 73%. Fæðingarstyrkur er greiddur í færri sveitarfélögum, eða tíu (30%). Fæðingarstyrkurinn var í einhverjum tilfellum háður því að fólk væri að eiga sitt fyrsta barn.

Í flokki 1.1, *fjárhagsaðstoð,* má sjá afslætti af gjöldum vegna daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla og gæslu eftir skóla. Enn frekar var spurt um systkinaafslátt af skólamat. Þess má geta að öll sveitarfélögin voru með reglur um niðurgreidda daggæslu í heimahúsum nema eitt þar sem reglur kváðu á um að barn kæmist á leikskóla við eins árs aldur. Flest sveitarfélög leggja áherslu á að mynda samfellu um þessa þjónustu, sérstaklega um leikskóla og grunnskóla og mynda heildstæða skólastefnu sveitarfélagsins. Til einföldunar er hægt að tala um þjónustu á þremur stigum: Í fyrsta lagi er daggæsla í heimahúsum sem getur hafist að fæðingarorlofi loknu. Í öðru lagi er leikskóli sem almennt miðast við tveggja ára aldur að sex ára aldri. Í þriðja lagi er lögbundinn grunnskóli fyrir 6–16 ára, en allir grunnskólar landsins eru einsetnir. Almennt stendur börnum 6–10 ára til boða gæsla að skóladegi loknum. Enn frekar er boðið upp á mat í skólum gegn gjaldi fyrir grunnskólabörn á aldrinum 6–16 ára.

Með því að skoða niðurstöður um afslætti af gjöldum daggæslu í heimahúsum, leikskólum og gæslu eftir skóla má sjá að *systkinaafsláttur á leikskólagjöldum* er til staðar í öllum sveitarfélögunum. *Systkinaafsláttur á daggæslu barna í heimahúsum* er til staðar í 20 sveitarfélögum eða meðal 61%. *Systkinaafsláttur af gæslu eftir skóla* stendur til boða hjá 24 sveitarfélögum eða 73%. Hins vegar er *systkinaafsláttur á skólamat* aðeins til staðar í fimm sveitarfélögum eða 15%. Þess ber þó að geta að eitt sveitarfélag býður upp á skólamat án endurgjalds. Systkinaafsláttur er því nokkuð almennur á öllum stigum.

Ef skoðaðir eru aðrir afslættir af gjöldum á þessum þremur stigum er afsláttur fyrir einstæða foreldra sá afsláttur sem er næstalgengastur á eftir systkinaafslætti og á við um öll þrjú stigin. *Lægri daggæslugjöld barna í heimahúsum fyrir einstæða foreldra* eru til staðar hjá 26 sveitarfélögum eða 79%. *Lægri leikskólagjöld fyrir einstæða foreldra* eru til staðar hjá 30 sveitarfélögum eða 91%. *Lægri gjöld fyrir einstæða foreldra vegna gæslu eftir skóla* eru hins vegar aðeins til staðar hjá sjö sveitarfélögum eða 21%. Þarna sker sig úr hve mun færri sveitarfélög veita einstæðum foreldrum afslátt af gjöldum vegna gæslu eftir skóla.

Námsmönnum  og öryrkjum er einnig veittur afsláttur. *Lægri daggæslugjöld í heimahúsum fyrir foreldra í námi* voru til staðar í 20 sveitarfélögum eða 61%. *Lægri leikskólagjöld fyrir foreldra í námi* var til staðar hjá 25 sveitarfélögum eða 76%. Auk þessa voru fjögur sveitarfélög með *lægri daggæslugjöld fyrir börn öryrkja* eða 12% og átta eða 24% með *lægri leikskólagjöld fyrir börn öryrkja*. Stuðningur við öryrkja er því mun fátíðari en við námsmenn. Afslættir fyrir börn námsmanna og öryrkja af gæslu eftir skóla tíðkast ekki.

Ef barnafjölskyldur eru með fleiri en eitt barn er ekki ólíklegt að börnin séu á misjöfnum skólastigum. Afsláttur milli stiga tíðkast og byggist í flestum tilfellum á því að sveitarfélögin leggja áherslu á að mynda heildstæða skólastefnu til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur. Rannsóknin leiddi í ljós að *systkinaafsláttur sem gildir milli leikskóla og daggæslu í heimahúsum* var til staðar í 23 sveitarfélögum, eða 70%. *Systkinaafsláttur sem gildir milli leikskóla- og grunnskólagæslu* var ekki jafn algengur en hann var til staðar í 17 sveitarfélögum eða 52%.

Af þessu má sjá að stuðningur eða afslættir til foreldra grunnskólabarna eru fátíðari en stuðningur við foreldra barna í daggæslu í heimahúsum og leikskólabarna. Foreldrar leikskólabarna fá mestan stuðninginn eða fá oftast afslátt. Stuðningur við foreldra

grunnskólabarna er sýnilega minni. Börn hefja nám við sex ára aldur og þurfa í langflestum tilfellum gæslu samhliða skólanum fyrstu fjögur árin. Allir afslættir á gæslu eftir skóla eru fátíðari að undanskildum systkinaafslætti á gæslu eftir skóla en afslættir á daggæslu- og leikskólagjöldum. Samhliða þessu veita einungis fimm sveitarfélög eða 15% systkinaafslátt á fæði fyrir grunnskólabörn 6–16 ára.

Annar yfirflokkurinn, *fræðslumál,* er með samanlagt fjórtán þjónustuþætti í þremur undirflokkum, 2.1 *daggæsla*, 2.2 *leikskólar* og 2.3 *grunnskólar*.




**Mynd 2 – Þættir hjá í það minnsta 50% sveitarfélaga í yfirflokknum *fræðslumál.***

Mynd 2 sýnir þá átta þjónustuþætti af fjórtán í yfirflokknum *fræðslumál* sem voru til staðar hjá að minnsta kosti 50% sveitarfélaganna sem voru hluti af rannsókn þessari eða meðal 147.688 íbúa og fleiri. Líkt og fyrr, sé sú íbúatala yfirfærð á heildaríbúafjölda Íslands sé um að ræða um það bil 47%. Á myndinni má einnig sjá að þar af eru sjö þættir til staðar í 70% sveitarfélaganna sem voru hluti af rannsókn þessari eða meðal 206.763 íbúa og fleiri, það eru um það bil 65% af heildaríbúafjölda landsins. Með *forgangi fyrir börn sem búa við erfiðar aðstæður* er átt við börn sem búa við félagslega erfiðleika í umhverfi sínu.

Flokkur 2.1, *daggæsla,* hefur aðeins einn þátt, *sjálfstætt starfandi dagforeldra.* Í flokki 1.1 var kannað hvort sveitarfélögin væru með *niðurgreidda daggæslu í heimahúsum*. Öll sveitarfélögin nema eitt þar sem þjónustan átti ekki við voru með niðurgreiðslur á daggæslu í heimahúsum. Til samanburðar voru 29 sveitarfélög eða 88% með sjálfstætt starfandi

dagforeldri. Þessi munur annars vegar á niðurgreiðslunni og hins vegar starfseminni byggist á því að í einhverjum tilfellum eru reglurnar og niðurgreiðslan til staðar um þjónustuna, en ekki þörf á henni.

Flokkur 2.2, *leikskólar,* er með átta þjónustuþætti. Kannað var hverjir hafa forgang um leikskólapláss samkvæmt reglum sveitarfélaganna um leikskóla. Við gerð þjónustulistans og í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að helst var um að ræða fimm forgangshópa. *Forgangur fyrir börn með skilgreindar fatlanir* var til staðar í 25 sveitarfélögum eða 76%. *Forgangur fyrir börn sem búa við erfiðar aðstæður* er til staðar í 27 eða 82% sveitarfélaga. *Forgangur fyrir börn einstæðra foreldra* er til staðar í átján eða 55% sveitarfélaga. *Forgangur fyrir börn námsmanna* er til staðar í tólf sveitarfélögum eða 36%. *Forgangur fyrir börn af erlendum uppruna og/eða tvítyngd börn* er sjaldgæfastur og aðeins til staðar í sex sveitarfélögum eða 18%.

Fleiri þættir taka til þjónustu við börn af erlendum uppruna en forgangur á leikskóla. Kannað var í hve mörgum sveitarfélögum fjölmenningarstefna var til staðar í leikskólum og grunnskólum. *Í leikskólum* var hún til staðar í 26 eða 79% sveitarfélaganna. *Í grunnskólum* var hún til staðar í 29 sveitarfélögum eða 88%.

Þjónusta við fatlaða, sér í lagi við fötluð börn, var könnuð í nokkrum þáttum umfram það hvort fötluð börn hefðu forgang á leikskólum. Í flokki 1.3 var spurt um *frekari liðveislu/tilsjón/persónulega ráðgjöf*. Allt sem talist gat umfram lögbundnar skyldur sveitar-félaganna tengdar fötluðum börnum og barnavernd á þessu sviði var metið í þessum flokki. Í þeim tilfellum þar sem sveitarfélög breyttu ,,nei" yfir í ,,já" í yfirferð sinni var óskað eftir frekari skýringum í tölvupósti á því hvernig þessari þjónustu væri háttað. Þetta var gert til þess að ganga úr skugga um að þjónustan væri umfram lögbundna skyldu. Þjónustan var til staðar hjá 24 sveitarfélögum eða 73%. Í þeim svörum þar sem óskað var frekari útskýringa var oftast um að ræða að frekar væri horft til þarfa en reglna við veitingu á þjónustu. Þrátt fyrir að ekki lægi fyrir formleg greining, til að mynda á barni frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, kom það ekki í veg fyrir að barn fengi þjónustu ef ákveðnir matsaðilar innan sveitarfélags teldu þörf á henni.

*Frístundastarf fyrir fötluð börn* var kannað í flokki 3.2. Frístundastarfið var til staðar í 15 sveitarfélögum eða 45%. *Félagsmiðstöð fyrir fötluð börn* var einnig könnuð í sama flokki og

var til staðar í sex sveitarfélögum eða 18%. Mörkin milli frístundastarfs, félagsmiðstöðvar og liðveislu voru oft ekki nógu skýr. Til að mynda var stundum um hópliðveislu að ræða í formi frístundastarfs. Þessu til viðbótar voru sjö sveitarfélög með *félagsmiðstöð fyrir 16–17 ára fötluð börn* eða 21%. Þá var kannað í þætti 5.1 hvort sveitarfélög væru með *íþróttastarfsemi fyrir fatlaða*. Slíkt var til staðar í fimmtán sveitarfélögum eða 45%.

Þriðji yfirflokkurinn, *frístundir,* er með samanlagt ellefu þjónustuþætti í fjórum undirflokkum, 3.1 *allur aldur*, 3.2 *grunnskólaaldur*, 3.3 *aldurinn 16–17 ára* og 3.4 *árstíðabundin þjónusta*. Fyrstu þrír undirflokkarnir kanna frístundaþjónustu út frá ákveðinni aldursskiptingu. Síðasti flokkurinn metur þjónustu sem aðeins er í boði á sumrin meðan sumarleyfi eru í grunnskólum.




**Mynd 3 – Þættir hjá í það minnsta 50% sveitarfélaga í yfirflokknum *frístundir*.**

Mynd 3 sýnir þá sex þjónustuþætti af ellefu í yfirflokknum *frístundir* sem voru til staðar hjá að minnsta kosti helmingi sveitarfélaganna sem voru hluti af rannsókn þessari eða meðal 147.688 íbúa, sem er um það bil 47% af heildaríbúafjölda landsins. Reyndar eru allir sex þættirnir til staðar hjá um það bil 70% sveitarfélaganna eða meðal 206.763 íbúa sem er um það bil 65% af heildaríbúafjöldanum.

Í flokki 3.1 var kannað hve mörg sveitarfélög bjóða upp á *frítt í sund fyrir börn*. Alls bjóða 22 sveitarfélög upp á frítt í sund fyrir börn eða 67%. Í sama flokki var kannað í hve mörgum

sveitarfélögum er *íþróttahús með starfsemi fyrir börn og fjölskyldur* þeirra. Öll sveitarfélögin nema eitt voru með íþróttahús með slíka þjónustu.

Fjórði yfirflokkurinn kannaði *menningarmál* en aðeins í tveimur þáttum. Annars vegar hve mörg sveitarfélög væru með *skipulagt barnastarf á bókasöfnum* sínum sem reyndist vera í 24 sveitarfélögum eða 73%. Hins vegar var *menningarmiðstöð, listasafn eða minjasafn með skipulagt barnastarf*. Slík þjónusta var til staðar í fjórtán eða 42% sveitarfélaga.

Fimmti yfirflokkurinn kannaði *starfsemi þriðja geirans* í fjórum undirflokkum: 5.1 *starfsemi íþróttafélaga*, 5.2 *starfsemi kirkju*, 5.3 *skátastarf* og 5.4 *Rauði krossinn, starfsemi deilda* samanlagt sjö þættir. Kannað var meðal annars almennt *barnastarf í formi fræðslu hjá deildum Rauða krossins*. Niðurstöður sýndu að almennt barnastarf var til staðar hjá 24 sveitarfélögum eða 73%. Einnig var kannað *barnastarf deilda Rauða krossins fyrir börn innflytjenda*. Slíkt starf var til staðar í fimm sveitarfélögum eða 15%.

Í sjötta og síðasta yfirflokknum, *samgöngum,* var aðeins kannaður einn þáttur, *frítt í strætó fyrir börn*. Hjá átta sveitarfélögum var slík þjónusta í boði eða 24%. Hjá níu eða 27% sveitarfélaga var ekki frítt fyrir börn í strætó en þjónustan til staðar engu að síður. Hjá sextán sveitarfélögum átti þjónustan ekki við þar sem hefðbundnar strætisvagnasamgöngur voru ekki til staðar innan sveitarfélagsins.

